



U S T

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Hafnarfjarðarbær  
Bjarki Jóhannesson  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 23. mars 2006

Tilvísun: UST20060100222/sf

### Tillaga að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Með erindinu fylgdu aðalskipulagsuppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla ásamt sérstökum aðalskipulagsuppdraetti og greinargerð fyrir Krýsuvík dags. 1. janúar 2006.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillögunna.

#### **Aðalskipulag Hafnarfjarðar, „Hafnarfjarðarkaupstaður“**

##### ***Náttúruverndarsvæði***

Umhverfisstofnun bendir á að að fólkvangur við Ástjörn og Ásfjall er merktur sem önnur náttúruverndarsvæði en ekki sem friðlýst svæði á aðalskipulagsuppdraetti og þarf að lagfæra það.

Mörk þeirra svæða sem eru á náttúruminjaskrá eru ekki rétt afmörkuð á aðalskipulagsuppdraetti. Til dæmis ná mörk svæðis nr. 113 (Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða) lengra til austurs og svæði nr. 112 er samfellt þó að innan þess séu mannvirki, s.s. Reykjanesbraut. Norðurmörk Reykjanesfólkvangs innan sveitarfélagsins þarf jafnframt að lagfæra. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar ([www.ust.is](http://www.ust.is)) er að finna gagnaskrár með upplýsingum um náttúruverndarsvæði og náttúruminjar fyrir helstu landupplýsingakerfi.

Á mynd á bls. 36 eru sýnd náttúruverndarsvæði innan sveitarfélagsins en þar vantar Reykjanesfólkvang.

Í bls. 12 í greinargerð eru sett fram markmið varðandi umhverfi og er eitt þeirra eftirfarandi: „*Styrkja skal aðgengi að náttúru- og skipulögðum útivistarsvæðum án þess að gengið sé á gæði svæðanna og óspillta náttúru.*”

Umhverfisstofnun telur að hér þyrfti að koma skýrar fram hvað átt er við með „náttúrusvæðum”.

Í greinargerðinni ætti að koma fram að skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf

leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

### *Hafnarsvæði*

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni kemur fram að hugmyndir séu uppi um hafnaraðstöðu vestan Straumsvíkur á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur að vegna náttúruverndarsjónarmiða sé svæðið vestan Straumsvíkur ekki álitlegt sem hafnarsvæði. Svæðið er á náttúruminjaskrá og hefur mikið verndargildi vegna náttúrufars, sbr. lýsingu í náttúruminjaskrá, og sem svæði til útivistar. Þar er jafnframt að finna menningarminjar.

### *Efnistökusvæði*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki eru öll efnistökusvæði sýnd á aðalskipulagsupprætti. Stofnunin telur mikilvægt að öll fyrirhuguð efnistökusvæði séu sýnd á aðalskipulagsupprætti og að markað sé fyrir útlínum þeirra á sama máta og annarra landnotkunarflokka.

Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að ekki er vísað til gildandi laga sem varða efnistöku í greinargerðinni. Stofnunin telur nauðsynlegt að fjallað verði um ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og fjallað um efnistöku m.t.t. þeirra. Mikilvægt er að skýrt komi fram í greinargerð að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. þó 2. mgr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig að skylt er að leggja fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 48. gr. sömu laga, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Þá veita heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

### *Einstakar námur*

Í umfjöllun í greinargerð um efnistökusvæði í landareign Skógræktar ríkisins í Kapelluhrauni er tilgreint að um sé að ræða hraungjall en jafnframt er lögð áhersla á að takmarka námuvinnslu á því svæði við þegar raskað hraun. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er ljóst hvernig þetta fer saman, þ.e. að gera ráð fyrir vinnslu á hraungjalli en jafnframt að takmarka vinnslusvæðið við þegar raskað hraun, þar sem vinnsla á hraungjalli felur í sér yfirborðsvinnslu hrauna.

Í umfjöllun um grjótnám í Kapelluhrauni ofan Hellnahrauns kemur fram að lagt er til að skoðuð verði frekari námuvinnsla grjóts á röskuðu svæði umhverfis námuna og á nærliggjandi svæðum. Einnig að reynist ekki forsendur fyrir nægjanlegri stækkun á þessu svæði, verði hugað að nýtingu annarra svæða í Kapelluhrauni sem þegar hefur verið raskað með yfirborðsvinnslu.

Umhverfisstofnun telur að framangreindur texti sé nokkuð opin og að skilgreina þurfi nánar hvaða svæði kæmu til greina fyrir frekari efnistöku.

### *Hverfisverndarsvæði*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki eru öll þau hverfisverndarsvæði sem tilgreind eru í greinargerð með aðalskipulagstillögunni sýnd sem slík á aðalskipulagsupprætti, s.s. Straumsvík og Óttarsstaðir, Þorbjarnarstaðir, Óttarsstaðafjárborg og Kaldárhraun.

Í greinargerð kemur fram að í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 hafi verið gerð tillaga um friðlýsingu 7 svæða en því hafi ekki verið framfylgt. Þessi 7 svæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagstillögunni. Þá kemur fram í greinargerðinni að þau hverfisvernduðu svæði sem umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21 hafi lagt til að verði í framhaldinu friðlýst skv. lögum um náttúruvernd séu sérstaklega merkt í greinargerðinni. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur fram í greinargerðinni hvort sveitarstjórn hafi samþykkt tillögur umhverfisnefndar um að stefna að friðlýsingu þessara svæða skv. lögum um náttúruvernd. Stofnunin hvetur til þess að fram komi í greinargerðinni að það sé stefna sveitarstjórnar að vinna að friðlýsingu svæðanna. Jafnframt að stefnt verði að friðlýsingu allra þeirra 7 svæða sem lagt var til að yrðu friðlýst í núgildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

### **Úrgangur**

Samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu sveitarstjórnir semja og staðfesta svæðisáætlun sem byggist á markmiðum landsáætlunar og skal þar tiltekið með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná þeim markmiðum. Svæðisbundinni áætlanagerð átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005. Staðfest hefur verið sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðurland, Suðvesturland og Vesturland (Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020). Stofnunin telur rétt að það komi fram í greinargerð aðalskipulagsins.

### **Svæði fyrir frístundabyggð**

Í greinargerð kemur fram að á Sléttuhlíðarsvæðinu sé gert ráð fyrir nokkurri aukningu frístundabyggðar. Svæðið sé alls um 230 hektarar að stærð og stækki ekki að umfangi frá fyrra skipulagi. Ekki kemur fram hvað gert er ráð fyrir mikill aukningu frístundahúsa. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal í svæðisskipulagi og á sveitarfélagsupphætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirluguðum svæðum fyrir frístundabyggð utan þéttbýlisstaða. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðar og fyrirluguðra svæða fyrir frístundabyggð, eftir því sem þurfa þykir. Gera skal grein fyrir tengslum svæðanna við samgöngur, þjónustu og opin svæði. Einnig skal gera grein fyrir áfangaskiptingu og áfangaröð, eftir því sem kostur er

### **Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns**

Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er kafli er nefnist „Verndarvæði vegna grunnvatns – strandmengunar og mengunar í ám og vötnum” (sjá bls. 18). Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í núgildandi reglugerðum eru til dæmis ekki skilgreind „verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum”. Með hliðsjón af núgildandi reglugerðum um mengunarvarnir væri rétt að heiti kafans væri „**Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns**”.

Á bls. 35 í greinargerð er vitnað til reglugerðar nr. 796/1999 um mengunarvarnir en rétt heiti er reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Í greinargerð er vísað til þess að skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skuli flokka strandlengju Hafnarfjarðar í tvo flokka vegna varna gegn sjávarmengun. Fram kemur að það sé stefna Hafnarfjarðarbæjar að strandlengjan, að undanskildum hafnarsvæðum

Hafnarfjarðarhafnar og hafnarsvæðis við Álver Alcan í Straumsvík verði flokkuð í flokk I. Þá kemur fram að Ástjórn, Hvaleyrarvatn og Hamarskotslækur ættu að falla í fyrsta flokk verndarsvæða vegna mengunar í ám og vötnum. Umhverfisstofnun bendir á að strandverndarsvæði eins og vísað er til hér, sem og flokkun vatnasvæða, byggir á gömlum reglum. Sú flokkun var aflögð við lögleiðingu reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og ný aðferðafræði tekin upp.

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn, í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðarinnar og skulu á skipulagsuppdrætti aðalskipulags koma fram langtímamarkmið. Samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar skal flokkun vatns miða við flokka A-E, en samkvæmt gr. 8.1 skulu langtímamarkmið miða við flokka A og B.

Hafi slík flokkun ekki farið fram telur Umhverfisstofnun að í aðalskipulaginu eigi að setja fram *tímasett markmið* varðandi það hvernig ákvæði reglugerðanna verða uppfyllt.

Miðað við þá stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu skv. umfjöllun í greinargerð ætti að stefna að því að strandlengja innan sveitarfélagsins, að undanskildum hafnarsvæðum, falli í flokk A eða B. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í greinargerð vantar upplýsingar um ástand strandlengjunnar nú í dag og hvernig nálgast eigi það markmið að strandlengjan flokkist í flokk A eða B, þar sem það markmið er ekki þegar uppfyllt.

#### *Opin svæði til sérstakra nota*

Í greinargerð kemur fram að Hafnarfjarðarbær og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hafi gert með sér samning um samstarf til ársloka 2012. Tilgreind er heildarstærð skógræktarsvæða og hvar stærstu skógræktarreitirnir eru. Umhverfisstofnun telur að skógræktarsvæði innan sveitarfélagsins eigi að sýna sérstaklega á aðalskipulagsuppdrætti eða á sérstöku þemakorti. Jafnframt telur stofnunin nauðsynlegt að sett verði sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, sérstökum jarðmyndunum eða búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Mikilvægt er að vísa til ofangreindrar reglugerðar í greinargerð skipulagsins. Jafnframt þarf að koma fram að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum tilkynningarskyld og kann hún að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

#### *Fráveita*

Í texta á bls. 78 í greinargerð er vísað til mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, en sú reglugerð er fallin úr gildi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Hafi fyrrgreind ákvæði ekki verið uppfyllt telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í aðalskipulagi séu sett fram tímasett markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu.

### **Jarðmyndanir og vistkerfi**

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð með aðalskipulagstillögunni er ekki fjallað sérstaklega um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og forðast skal að raska eins og kostur er. Um er að ræða eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- e. sjávarfítjar og leirur.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar stofnunarinnar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun framangreindra jarðmyndana og vistkerfa, nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga um náttúruvernd þar sem umsögn fyrrgreindra aðila liggur fyrir. Vegna þessa verður við gerð aðalskipulags að gera sérstaka úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd og sýna staðsetningu þeirra á skipulagsuppdrætti eða sérstökum þemakortum með skipulaginu. Liggja slík úttekt ekki fyrir er nauðsynlegt að setja þann fyrirvara í aðalskipulagi að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hættu er á að jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37. gr. laga um náttúruvernd verði raskað, þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir hverfisvernd á völdum hraunsvæðum innan sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun telur slíkt ánægjulegt. Stofnunin telur þó að einnig ætti að gera ráð fyrir vernd á samfelldu svæði við Þorbjarnarstaði og Rauðamel, en þar er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, þ.e. verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði, skv. aðalskipulagstillögunni.

### **Hávaði**

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir vegi þar sem umferð er meiri en sex milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2007 og fyrir vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári eigi síðar en 30. júní 2012. Einnig skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði lokið eigi síðar en 30. júní 2012. Umhverfisstofnun telur að með hliðsjón af umferðarspá, sbr. kafla 3.6 í greinargerð, verði að fjalla um ákvæði reglugerðarinnar í greinargerð aðalskipulagsins.

Samkvæmt gr. 3.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og hávaðamælingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og áliti viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfirköld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags. Umhverfisstofnun telur því að út frá umferðarspám eigi að

leggja mat á hljóðstig í nágrenni vega innan sveitarfélagsins.

### **Aðalskipulag Hafnarfjarðar, Krýsuvík**

#### **Náttúruverndarsvæði**

Á aðalskipulagsuppdættinum er Eldborg undir Geitahlíð, þ.e. sá hluti náttúruvættisins sem er innan skipulagssvæðisins, sýnd sem friðlýst skv. náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að allt það svæði sem aðalskipulag Krýsuvíkur tekur til er innan friðlýsts svæðis, þ.e. Reykjanesfólkvangs, en það kemur ekki fram á uppdættinum.

Í greinargerð segir: „*Krýsuvíkurland er allt innan Reykjanesfólkvangs skv. lögum frá 1975 þar sem fyrirvari var gerður um rekstur í almannahágu....*” Umhverfisstofnun bendir á að fólkvangurinn er ekki friðlýstur skv. lögum frá 1975 heldur skv. lögum um náttúruvernd, sbr. auglýsingu nr. 520/1975 um fólkvang á Reykjanesi.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar* er lagt til að svæðið Brennisteinsfjöll – Herdísarvík verði friðlýst. Svæðið er að hluta til innan lands Hafnarfjarðar. Það mætti koma fram í greinargerð með aðalskipulaginu.

Í kafla 4.4. í greinargerð segir m.a.: „*Náttúruverndarsvæði eru í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í þeim er fjallað um nokkrar gerðir verndarflokka þ.e. þjóðgarða, friðlönd, fólkvang og náttúruvætti. Í öðru lagi eru önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá. Þá er afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.*”

Umhverfisstofnun telur að framangreint orðalag sé fremur óljóst. Betra væri að fram kæmi að náttúruverndarsvæði eru, sbr. skilgreiningu í lögum um náttúruvernd:

- Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.
- Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Umhverfisstofnun telur að fram þurfi að koma að skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá. Í endurskoðaðri greinargerð frá 20. mars 2006 segir að hafa þurfi „samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði s.s. svæði á náttúruminjaskrá eða þeirra sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999”. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er nægjanlegt að hafa samráð við stofnunina ef um er ræða framkvæmdir sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar. Einnig vekur stofnunin á að jarðmyndanir og vistkerfi sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd teljast ekki til náttúruverndarsvæða skv. skilgreiningu í 3. gr. sömu laga.

#### **Orkuvinnsla**

Í greinargerð er vísað til Rannsóknaráætlunar fyrir Krýsuvíkursvæðið sem Íslenskar orkurannsóknir unnu fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Kemur m.a. fram að helsti rannsóknaráfanginn sé borun þrettán rannsóknarhola, þar af a.m.k. sex í Krýsuvík. Ekki kemur fram hver er stefna sveitarfélagsins varðandi orkunýtingu innan fólkvangsins og hvort afstaða hafi verið tekin til orkunýtingar í Krýsuvík. Jafnframt telur stofnunin eðlilegt að

fram komi afstaða stjórnar Reykjanesfólkvangs til orkuvinnslu innan fólkvangsins.

Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð að borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum er framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, sbr. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### **Námuvinnsla**

Í greinargerð með aðalskipulaginu segir m.a. að í skýrslunni Eldstöðvar á Reykjanesi sé sett fram tillaga um námuvinnslu. Fram kemur að í Trygghólum sé mikið efni, að mestu leyti gjall, rauðamöl og vikur. Einnig að í Rauðskriðu, sem er gíghóll, sé talsvert efni að finna. Ekkert kemur hins vegar fram um það hver sé afstaða sveitarfélagsins til þeirra tillagna. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu eldvörp, gervigigar og eldhraun njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) segir í kafla 8, *Vernd sérstæðra jarðmyndana*, að forgangsmál sé að vernda „jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða, s.s. dyngjur, eldborgir, gígaraðir...; svo og landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun...” Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að gera ráð fyrir efnistöku í jarðmyndunum sem hafa verndargildi.

### **Landkostir**

Á bls. 14 í kafla 3.4 Landkostir segir m.a.: „*Jarðfræðiminjar, gosminjar og hverasvæði*, eru mikilvægir þættir varðandi útivistargildi svæðisins og eru jafnframt grundvöllur orkuvinnslu.”

Umhverfisstofnun bendir á að jarðmyndanir hafa ekki eingöngu áhrif á útivistargildi svæðisins heldur geta haft mikið verndargildi sem jarðmyndanir. Hafa íslensk stjórnvöld t.d. staðfest verndargildi eftirtalinna jarðmyndana með lögum, sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd:

- eldvörp, gervigigar og eldhraun,
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri.

Í stefnumörkun til sjálfbærrar þróunar (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) er lögð áhersla á verndun jarðmyndana sem eru sjaldgæfar eða óvenjulegar á heimsmælikvarða, sbr. athugasemdir við námuvinnslu hér að framan.

Umhverfisstofnun telur ekki ljóst hvað átt er við með að jarðminjar (jarðfræðiminjar, gosminjar og hverasvæði) séu grundvöllur orkuvinnslu.

### **Vatnsvernd**

Í kafla 4.7 er fjallað um verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum en sú flokkun er ekki í samræmi við núgildandi reglugerðir, sjá athugasemdir hér að framan.

Í texta á bls. 30 er segir m.a. að gert sé ráð fyrir að heilbrigðiseftirlit láti flokka vatnasvæði í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 533/2001.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að reglugerð nr. 533/2001 er um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og varðar verndun neysluvatns. Hvað varðar flokkun vatns er rétt að vísa til IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr.

einnig athugasemdir hér að framan.

Á aðalskipulagsupprætti frá janúar 2006 er ekki sýnt fjarsvæði vatnsbóls við Krýsuvíkurskóla en það hefur verið lagfært, sbr. upprátt frá 20. mars 2006.

### **Samgöngur**

Á aðalskipulagsupprætti er lega Suðurstrandarvegur innan Krýsuvíkurlands skv. rauðri veglínunni sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum vegarins. Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 26. maí 2004 var lagst gegn lagningu Suðurstrandarvegur samkvæmt rauðri veglínunni frá Ísólfskála að eystri mörkum Ögmundarhrauns. Fallist var á lagningu gulrar veglínunni á sama kafla og bæði á rauða og gula veglínunni yfir Krýsuvíkurheiði.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki liggur ljóst fyrir hvernig veglínunni Suðurstrandarvegur skv. rauðri veglínunni á Krýsuvíkurheiði ætti að tengjast legu gulrar veglínunni vestan við land Krýsuvíkur. Umhverfisstofnun telur að miðað við þá veglínunni sem fallist var á vestan við Krýsuvíkurheiði skv. úrskurði Skipulagsstofnunar sé eðlilegt að veglínunni skv. gulri veglínunni sé fylgt áfram í landi Krýsuvíkur.

### **Mat á umhverfisáhrifum / fyrirvari um frekari athugasemdir**


Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við þær framkvæmdir sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir og falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á síðari stigum.

Jafnframt áskilur stofnunin sér rétt til frekari athugasemda við skipulagstillöguna við auglýsingu hennar.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllt

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
Lögsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður